

Mor gegn Frakklandi

Dómur frá 15. desember 2011

Mál nr. 28198/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Lögmenn. Þagnarskylda. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Gisèle Mor, er franskur ríkisborgari, fædd árið 1953 og búsett í bænum *Saint-Ouen-l'Aumône* í Frakklandi. Hún starfar sem lögmaður í heimalandi sínu.

Í nóvember 1998 fór kærandi fram á að rannsókn færi fram á andláti 12 ára dóttur skjólstaðinga sinna. Stúlkan hafði látist úr veikindum skömmu eftir bólusetningu gegn lifrabólgu B. Í kjölfarið var dauði stúlkunnar rannsakaður og hafist var handa við gerð skýrslu um hugsanlega fylgikvilla slíkrar bólusetningar. Árið 2002 var 450 blaðsíðna löng skýrsla sérfræðinga lögð fyrir rannsóknardómara í málinu. Eftir að skýrslan kom út tjáði kærandi sig um efni hennar við fjölmiðla og í framhaldi af því birtist grein í dagblaði um niðurstöður skýrslunnar. Þann 4. desember sama ár kærði fyrirtækið sem sá um dreifingu bóluefnisins kæranda en fyrirtækið sakaði hana um að hafa brotið þagnarskyldu um dómsrannsóknina með því að dreifa upplýsingum um mál þar sem hún væri bundin þagnarskyldu. Þann 16. september árið 2003 var kærandi ákærð fyrir brot á þagnarskyldu sem var refsivert samkvæmt hegningarlögum. Kærandi viðurkenndi fyrir dómi að hafa tjáð sig um efnisatriði málsins við blaðamenn að ósk umbjóðenda sinna. Þann 11. maí 2007 var kærandi sakfelld í refsímálinu um brot á þagnarskyldu. Dómarinn fyrirskipaði þó að refsing skyldi falla niður þar sem aðrir sem komu að málinu hefðu einnig veitt fjölmiðlum upplýsingar. Kæranda var engu að síður gert að greiða fyrirtækinu 1 evru í skaðabætur. Bæði saksóknari og kærandi áfrýjuðu málinu en áfrýjunardómstóllinn staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Þann 28. október 2008 vísaði hæstiréttur Frakklands máli kæranda frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hennar hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hennar sem nyti verndar samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að ríki hefðu ákveðið svigrúm til mats á því hvort og hvenær skerðing á tjáningarfrelsi teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Hins vegar yrði að líta til þess að lögmenn hefðu sérstaka stöðu sem tengiliðir á milli almenninga og dómstóla. Til þess að almenningur hefði trú á réttarkerfinu væri nauðsynlegt að fullvissa þá um það að lögmenn gætu varið hagsmuni þeirra bæði gegn stjórnvöldum og öðrum aðilum. Í því skyni væri mikilvægt að lögmenn hefðu visst svigrúm til að tjá sig á opinberum vettvangi um framgang réttvísinnar svo lengi sem þeir héldu sig innan ákveðinna marka. Takmarkanir á tjáningarfrelsi þeirra gátu því aðeins verið réttlætanlegar í undantekningartilvikum.

Kærandi hefði verið sakfelld fyrir að tjá sig við fjölmiðla um efni skýrslu um mál sem varðaði skjólstaðing hennar. Hún gaf ekki út eintök af skýrslunni í heild sinni heldur tjáði sig aðeins takmarkað um efni hennar og helstu niðurstöður. Fyrir lá að áður en kærandi tjáði sig um hana hafði skýrslan lekið í fjölmiðla og mikið verið fjallað um efni hennar. Efni skýrslunnar varðaði ekki aðeins skjólstaðinga kæranda heldur allan almenning og var hluti þjóðfélagsumræðunnar í landinu. Dómstóllinn ítrekaði að samkvæmt sáttmálanum væri lítið svigrúm til að takmarka tjáningarfrelsi þegar kæmi að pólitískri orðræðu eða málefnalegri umræðu um hagsmuni almenninga. Við mat á tjáningarfrelsi lögmanna væri nauðsynlegt að hafa í huga hvers eðlis málið sem tjáningin varðaði væri og hverjar afleiðingar hennar kunna að vera. Dómstóllinn leit til þess að þótt kærandi hefði brotið gegn þagnarskyldu sinni hefðu athafnir hennar ekki haft áhrif á rannsóknina eða niðurstöður hennar.

Þá hafði hvorki lögmannafélag Frakklands né héraðsdómur séð ástæðu til að beita kæranda agaviðurlögum vegna hegðunar hennar. Dómstóllinn taldi að sýnt hefði verið fram á að sakfelling kæranda sökum ummæla hennar fyrir hönd skjólstæðinga sinna hefði falið í sér brot á 10. gr. sáttmálans af hálfu Frakklands.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Frakklandi gert að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur.